

Nefndarsvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2014  
Tilvísun: 201410054

---

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141

---

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis til Skipulagsstofnunar dags. 20. október sl. þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141.

### Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir þeirri breytingu á þingsályktunartillögu nr. 13/141 að Hvammsvirkjun færast úr biðflokki í orkunýtingarflokk.

Skipulagsstofnun bendir á að hún úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar (virkjun Þjórsár við Núp, allt að 150 MW) þann 19. ágúst 2003, þar sem fallist var á fyrirhuguð framkvæmdaáform með fimm skilyrðum. Úrskurðurinn var staðfestur af umhverfisráðherra 27. apríl 2004 með nýjum skilyrðum.

Í 12. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, er fjallað um endurskoðun matskýrslu ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að niðurstaða um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir. Áður en leyfi til framkvæmda er veitt skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matskýrslu. Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matskýrslu ef forsendur hafa breyst verulega, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina.

Þar sem í apríl á þessu ári voru liðin 10 ár frá því að úrskurður um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir er ljóst að áður en leyfi verða veitt til framkvæmda við Hvammsvirkjun þarf viðkomandi leyfisveitandi að óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í heild eða hluta.

Stofnunin tekur jafnframt undir það sem kemur fram í greinargerð verkefnisstjórnar, sem fylgir þingsályktunartillögunni, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur alla jafna ekki fyrir þegar ákvarðanir eru teknar um röðun virkjunarkosta í rammaáætlun, enda fari matið fram mun síðar í ákvörðunarferlinu. Niðurstaða verkefnisstjórnar rammaáætlunar sé þannig í raun óháð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum. Í ljósi þess tíma sem liðinn er frá því að mat á umhverfisáhrifum

Hvammsvirkjunar fór fram og þeirra upplýsinga sem komið hafa fram síðan, getur verið tilefni til að endurskoða umhverfismat hennar í heild eða að hluta. Stofnunin mun taka afstöðu til þess þegar henni berst erindi þar um frá leyfisveitanda.

  
Ottó Björgvin Óskarsson

  
Rut Kristinsdóttir